

Hafnarfjarðabær
b/t Guðrúnar Ágústu Guðmundsdóttur, bæjarstjóra
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Efni: Úthlutun lóðar til bogfimiðkunar í Hafnarfirði.

Undirrituðum hefur verið falið fyrir hönd bogfimisetsursins (kt, 710812-0550) að kanna áhuga á samvinnu Hafnarfjarðar og setursins á úthlutun lóðar til iðkunnar á bogfimi í bænum.

Bogfimisetrið sem sérhæfir sig í rekstri íþróttasvæða rekur sem stendur tvo staði, annan í Kópavogi og hinn á Akureyri. Ef áætlanir ganga eftir kemur stöðunum til með að fjölga hratt á næstu 12 – 18 mánuðum, til að svara þeirri gríðarlegu eftirspurn sem hefur myndast.

Bogfimi hefur á undanförunum árum notið síaukinna vinsælda og má segja að sprenging hafi orðið nú á síðasta ári, bæði hvað varðar iðkendur og keppnir. Þessu til staðfestingar má nefna að reglulegum, skráðum iðkenndum og félagsmönnum hefur fjölgað frá 10 í 250 á liðnu ári. Einnig og ekki síður þessu til staðfestingar þá var í fyrsta skipti, í nýliðnum febrúar mánuði, sent út lið til keppni á heimsmeistaramóti í greininni. Árangurinn lét ekki á sér standa og var í raun langt umfram væntingar miðað við hversu ung greinin er á Íslandi.

Einnig með vaxandi áhuga ferðamanna á víkinga uppruna landsins, svo ekki sé minnst á vikingaborpið sem hefur svarað þessari auknu eftirspurn með veglegum sýningum á sumrin. Rimmugýgur (Vikingafélag í Hafnarfirði) sem hefur verið m.a í samstarfi með þessar sýningar hefur sýnt þessu mikinn áhuga og sjá í þessu mikil tækifæri til að efla sinn félagskap og æfingar við íþróttina.

Bogfimi er fyrir alla, á öllum aldri, iðkendur eru allt frá 6 ára börnum upp í rúmlega 90 ára unglinga. Búnaðurinn sem notast er við í keppnisgreinum í bogfimi er hættulaus, sé honum beitt á réttan hátt. Þó má auðvitað geta þess að ætli menn sér illan leik er það hægt með þessum verkfærum líkt og öðrum. Allir sem koma í bogfimi undirgangast námskeið í meðferð og meðhöndlun á boga á örvum. Einnig yrði eftirlit með þessu svæði, líkt og öðrum í rekstri setursins, til fyrirmyndar.

Hafnarfjarðarbær
Innk: 2.4.2014
Málsnr: 1404044
Bréfál: 5212

Svæðið sem óskað er eftir er sléttur grasbali (eða þar sem hægt er að leggja gras) með aðkomu fyrir bíla, helst með bílastæðum. Stærðin sem þyrfti til að búa til löglegan keppnisvöll er 150 * 100 metrar en til þess að tryggja öryggi væri óskandi að hafa um 500 * 150 metra. Þannig væri hægt að hafa öryggissvæði á alla vegu. Ásamt því að tryggja öryggi myndi opna á möguleikann á alþjóðakeppni í vegalengdabogfimi, sem og halda þar vikingasýningar á stóru svæði svo fátt eitt sé nefnt. Gott væri að hafa svæðið afgirt eða a.m.k hafa leyfi til þess þegar fram líða stundir. Á sömu nótum þyrfti einnig stöðuleyfi eða byggingaleyfi fyrir aðstöðu íþróttamanna og líða. En það eru seintitíma vangaveltur.


Stærðin er engu að síður ekki aðalatriðið í þessu, völlurinn er hinsvegar hugsaður sem fjölnota og hafa þá komið upp hugmyndir m.a skautasvell sem væri opið allt árið. Það er því að einhverju leiti hægt að aðlaga starfseminu að því svæði sem býðst og framtíðar möguleikar til stækkunar þá skoðaðir á öðrum svæðum, þó svo að það kæmi óneitanlega að einhverju leiti niður á rekstraraðila með auknum rekstrarkostnaði.

Setrið kæmi til með að reka svæðið og standa straum af kostnaði við uppsetningu, uppbyggingu, viðhaldi, launum, byggingum svo fátt eitt sé nefnt.

Völlurinn sem yrði opinn allt árið mundi hýsa allar útiæfingar og tegundir keppna í bogfimigreinum sem og myndi að öllum líkindum ýta undir vikingaímynd bæjarins sem gæti þá ýtt undir komu ferðamanna og afþreyingu fyrir þá í bænum. Öll íþróttafélög og meðlimir þeirra geta nýtt sér svæðið til æfinga og verður völlurinn, sem og aðrir staðir sem setrið rekur, hlutlaus frá allri félagapólitík.

Ef einhverjar frekari upplýsingar er óskað eða vakni áhugi á að hittast til viðræðna þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan:

Með bestu kveðjum og virðingarfyllst



Magnús Haukur Ásgeirsson
magnus@naestuskref.is
896-4693